



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Vetrarþjónusta
Þjónustuhandbók USK
Útgáfa 07

Júní 2024

Verkefnastjórn:

Skrifstofa borgarlandsins

Borgartúni 12 - 14 - 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Björn Ingvarsson/Karl Eðvaldsson

EFNISYFIRLIT

1. YFIRLIT	1
1.1 GÖTUR	1
1.2 GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR	1
1.3 BIFREIÐASTÆÐI OG STRÆTÓSKÝLI	1
1.4 TRÖPPUR	1
2. SKILGREININGAR	2
3. ÞJÓNUSTUFLOKKAR	2
3.1 GÖTUR	2
3.1.1 Þjónustuflokkur 1 : Stofn- og tengibrautir.....	2
3.1.2 Þjónustuflokkur 2 : Safngötur og aðkoma að skólum.....	3
3.1.3 Þjónustuflokkur 3 : Húsagötur	3
3.1.4 Hitaðar götur	4
3.2 GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR	4
3.2.1 Þjónustuflokkur 1a : Hjólastígar	4
3.2.2 Þjónustuflokkur 1 : Stofnstígar	4
3.2.3 Þjónustuflokkur 2 : Aðrir fjölfarnir stígar	5
3.2.4 Þjónustuflokkur 3 : Minna notaðir stígar	5
3.2.5 Þjónustuflokkur 4 : Stígar sem ekki eru í reglulegri þjónustu	5
3.2.6 Þjónustuflokkur 5 : Hitaðir stígar	5
3.3 BIFREIÐASTÆÐI OG STRÆTÓSKÝLI	5
3.4 TRÖPPUR	6
3.5 YFIRLIT ÞJÓNUSTUFLOKKA.....	6
4. FORSENDUR OG KRÖFUR	7
4.1 ÞJÓNUSTUTÍMABIL VETRARÞJÓNUSTU	7
4.2 EFNIS TIL HÁLKUEYÐINGAR	7
4.2.1 Tafla 4.1 Saltnotkun á ári	7
4.3 KRÖFUR TIL EFNIS	7
4.3.1 Tafla 4.2. Kröfur til efnis, kornadreifing	7
4.3.2 Tafla 4.3. Aðrar efniskröfur	7
4.4 TÆKJABÚNAÐUR OG KRÖFUR TIL TÆKJA	8
4.5 VEÐURSPÁR OG UPPLÝSINGAR	8
4.6 ÓVEÐURSVIÐBÚNAÐUR	8
4.7 VIÐHALD OG ÁSTANDSKÖNNUN TÆKJA	8
4.8 KRÖFUR TIL STAREFSMANNA	8
4.9 BÚNAÐUR TÆKJA	9
4.10 HAUSTÚTTEKT	9

1. YFIRLIT

Handbók þessari er ætlað að skilgreina og lýsa þeirri vetarpjónustu, sem Reykjavíkurborg veitir.

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita skilvirka og hagkvæma vetarpjónustu, sem felst í hálkueyðingu og snjóhreinsun gatnakerfis, göngu- og hjólaleiða borgarinnar til öryggis fyrir íbúa borgarinnar og hinn almenna vegfaranda.

Gatna- og stígakerfinu er skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Fyrir hvern flokk er skilgreint þjónustumarkmið og þjónustustig. Þjónustulýsingin fyrir hvern flokk á við venjulegar vetraraðstæður, en ekki við þær aðstæður sem skapast þegar óveður gengur yfir, þar sem ekki er hægt að halda götum snjó- og hálkulausum á meðan. Við slíkar aðstæður miðast þjónustan við að halda helstu stofnbrautum og strætisvagnaleiðum opnum ásamt aðgengi að sjúkrahúsum. Sjá nánar í grein 4.6 um óveðursviðbúnað.

Vetarpjónustu er stjórnað af eftirlitsmanni verkkaupa, sem fylgist með veðurútliti og ákveður hvenær ástæða er að hefja aðgerðir hverju sinni.

Hægt er að sjá yfirlit yfir þjónustuflokka í snjóhreinsun og hálkueyðingu í Borgarvefsjá.

1.1 GÖTUR

Þjónustuflokkur 1: Helstu stofnbrautir, mikilvægar tengigötur vegna neyðarþjónustu, fjölfarnar safngötur og strætisvagnaleiðir.

Þjónustuflokkur 2: Aðrar safngötur og aðkoma að leik- og grunnskólum.

Þjónustuflokkur 3: Húsagötur.

Þjónustuflokkur 4: Götur sem hitaðar eru með affallsvatni og innspýtingu.

1.2 GÖNGU- OG HJÓLALÆIÐIR

Þjónustuflokkur 1a: Hjólastígar.

Þjónustuflokkur 1: Stofnstígar.

Þjónustuflokkur 2: Aðrir fjölfarnir stígar.

Þjónustuflokkur 3: Minna notaðir stígar, oft í húsagötum.

Þjónustuflokkur 4: Stígar sem ekki eru þjónustaðir.

Þjónustuflokkur 5: Stígar sem hitaðir eru með affallsvatni og innspýtingu.

1.3 BIFREIÐASTÆÐI OG STRÆTÓSKÝLI

Snjóruðningi og hálkuvörnum á bifreiðastæðum í eigu og rekstri borgarinnar ásamt biðstöðvum strætó er stýrt af eftirlitsmanni vetarpjónustu hjá Reykjavíkurborg.

1.4 TRÖPPUR

Tröppum er sinnt af hverfastöðvum austur- og vesturhluta.

2. SKILGREININGAR

Verktímabil:	Er 20 vikur yfir veturinn, almennt frá viku 46 til og með viku 13. Komi til þess að 53 vikur séu í árinu, hliðrast upphafs- og lokadagsetning um eina viku eftir atvikum og skal þá miða við að hliðrun sé í sem mestu samræmi við upphafs- og lokadagsetningu veturinn á undan.
Þjónustutími:	Sá tími innan sólarhringsins þegar full þjónusta er veitt skv. lýsingu fyrir viðkomandi þjónustustig
Snjóhreinsun:	Snjór fjarlægður með snjóruðningstækjum án brottflutnings.
Snjómokstur:	Snjóhreinsun ásamt ámokstri á bíla og brottflutningi á losunarstað.
Hálkueyðing:	Dreifing á hálkueyðandi efni (salti, saltpækli, sandi) um götur eða göngu- og hjólaleiðir.
Viðverutæki:	Sérútbúin tæki sem sinna snjóhreinsun og hálkueyðingu að staðaldri.
Viðbótartæki:	Tæki sem gripið er til ef viðverutækin duga ekki til verksins.

3. ÞJÓNUSTUFLOKKAR

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir þjónustumarkmiði og þjónustustigi hvers þjónustuflokks fyrir sig. Í töflu 3.1 er tekið saman yfirlit fyrir alla þjónustuflokkana. Í Borgarvefsjá má sjá hvernig götur og stígar í Reykjavík eru flokkaðar í þjónustuflokka.

3.1 GÖTUR

3.1.1 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 1 : STOFN- OG TENGIBRAUTIR

Til þessa flokks heyra helstu stofnbrautir, mikilvægar tengigötur vegna neyðarþjónustu, fjölfarnar safngötur og strætisvagnaleiðir.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum í því ástandi að snjór og háлка hafi óveruleg áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sjá töflu 3.1, og þess utan eftir þörfum.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir háлку eða snjókomu, skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka fyrstu yfirferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu innan 2 klst.

Aðgerðir hefjast með forsöltun ef með þarf (vegna ísingar) og snjóhreinsun skal hefjast áður en snjódýpt nær 2 cm. Snjóhreinsun akbrauta og gatnamóta ásamt hálkueyðingu skal að fullu lokið innan 2 klst. frá því að snjókomu lýkur og 1 klst. þar á eftir skal ljúka snjóhreinsun og hálkueyðingu á a.m.k. hálfri axlarbreiddinni ef öxl er til staðar.

Á meðan snjókoma stendur yfir skal leyfileg snjódýpt mest vera 5 cm. Mesta leyfilega spordýpt í þjöppuðu snjóyfirborði er 1 cm.

Viðnámsstuðull skal aldrei vera lægri en 0,25 (hált), þ.e. stöðvunarvegalengd ökutækis skal vera undir 60 m ef ekið er á hraða 60 km/klst.

Útsýni á gatnamótum skal ekki takmarkast af snjóruðningi. Ef færðin er á þá vegu að ekki sé hægt að komast hjá því að safna snjó saman við gatnamót sem takmarkar útsýni þá skal fjarlægja snjóhrúgu sem fyrst. Miða skal við að snjóhrúga sé fjarlægð á innan við sólarhring að hámarki.

3.1.2 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 2 : SAFNGÖTUR OG AÐKOMA AÐ SKÓLUM

Til þessa flokks heyra allar safngötur sem ekki tilheyra þjónustuflokki 1 auk aðkomu að grunn- og leikskólum.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum í því ástandi að snjór og háлка hafi óveruleg áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sjá töflu 3.1.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir háлку eða snjó að morgni, skal hefja aðgerðir það tímanlega að fyrstu yfirferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu sé lokið fyrir kl. 07:30, að því marki að umferð geti gengið eðlilega fyrir sig.

Í þeim tilvikum að háлку eða snjókomu geri innan þjónustutímans, skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu innan 3 klst.

Aðgerðir hefjast með forsöltun ef með þarf (vegna ísingar) og snjóhreinsun skal hefja áður en snjódýpt nær 5 cm. Snjóhreinsun akbrauta og gatnamóta ásamt háلكueyðingu skal lokið innan 3 klst. frá því að snjókomu lýkur.

Á meðan snjókoma stendur yfir skal leyfileg snjódýpt mest vera 10 cm. Mesta leyfilega spordýpt í þjöppuðu yfirborði er 2 cm.

Viðnámsstuðull skal aldrei vera lægri en 0,25 (hált).

Athuga skal að í sumum tilfellum þá eru húsagötur í þjónustuflokki 2 vegna mikils halla og íbúapéttleika.

Útsýni á gatnamótum skal ekki takmarkast af snjóruðningi lengur en í einn sólarhring að hámarki.

3.1.3 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 3 : HÚSAGÖTUR

Til þessa flokks heyra húsagötur og fáfarnari götur.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum akfærum innan skilgreinds þjónustutíma, sjá töflu 3.1.

Þjónustustig

Götur í þessum flokki verða því aðeins hreinsaðar að þær séu þungfærar einkabílum, mikil háлка, eða snjódýpt meiri en 10 cm og snjóhreinsun miðast aðeins við að gera viðkomandi götur akfærar.

Háلكueyðing er gerð með söndun eða söltun.

Við snjóhreinsun húsagatna er óhjáhvæmilegt að snjóruðningar myndist við innkeyrslur. Reykjavíkurborg mun ekki sjá um snjóhreinsun slíkra ruðninga og verða íbúar því sjálfir að hreinsa burt snjó úr innkeyrslum.

Í þeim húsagötum þar sem aðstæður eru sérlega erfiðar, svo sem í brekkum, mun Reykjavíkurborg koma fyrir saltkössum sem íbúar geta notað salt úr í neyðartilvikum.

Þjónustuflokki 3 hefur verið skipt upp í tvo undir flokka, þeir eru flokkur 3A og 3B. Tilgangurinn með því að skipta húsagötum upp í tvo flokka er til að tryggja sem best flæði út úr hverfum

borgarinnar inn á stofn-, safn- og tengibrautir og einnig til að auðvelda verktökum rétta verkframvindu. Tæki sem kölluð eru út í snjóhreinsun húsagatna eiga að hefja vinnu á flokki 3A í því hverfi sem tækin eru að hreinsa, tækin vinna sig svo inn í flokk 3B þegar lokið er við götur í 3A.

Skýringar á vali húsagatna sem fara í þjónustuflokk 3A:

- Stofnanir – Húsagötur þar sem t.d. heimili fyrir aldraða, hreyfihamlaða eða sambærilegar stofnanir eru í götunni
- Íbúabéttleiki – Húsagötur þar sem íbúabéttleiki er meiri en annars staðar í hverfinu
- Minni safngata
- Halli gatna er mikill

3.1.4 HITADAR GÖTUR

Til þessa flokks heyra allar þær götur sem hitaðar eru með affallsvatni og innspýtingu.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum akfærum allan sólarhringinn.

Þjónustustig

Götum í þessum flokki er haldið lausum við snjó og ís með hitakerfum allan sólarhringinn.

3.2 GÖNGU- OG HJÓLALÉIÐIR

Göngu- og hjólaleiðunum er skipt í flokka eftir mikilvægi. Þær leiðir sem eru mikilvægastar fyrir ferðir hjólandi og gangandi milli staða eru hreinsaðar fyrst.

3.2.1 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 1A : HJÓLASTÍGAR

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda hjólaleiðum greiðfærum á tímabilinu 07:30 – 17:00.

Þjónustustig

Í snjó og hálfu skal hefja aðgerðir að því marki að hjólastígar séu orðnir greiðfærir fyrir kl. 07:30 og sé haldið greiðfærum til kl. 17:00.

Ef útkall berst fyrir kl. 04:00 skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu hjólaleiða innan 3 klst.

Í þeim tilvikum að hálfu eða snjókomu geri innan þjónustutímans, skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka hverri umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu hjólaleiða innan 4 klst.

3.2.2 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 1 : STOFNSTÍGAR

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda helstu gönguleiður að skólum og öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar greiðfærum á tímabilinu 08:00 – 17:00.

Þjónustustig

Í snjó og hálfu skal hefja aðgerðir að því marki að stofnstígar séu orðnir greiðfærir fyrir kl. 08:00

Ef útkall berst fyrir kl. 04:00 skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu stofnstíga innan 4 klst.

Í þeim tilvikum að hálfu eða snjókomu geri innan þjónustutímans, skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu stofnstíga innan 5 klst.

3.2.3 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 2 : AÐRIR FJÖLFARNIR STÍGAR

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda öðrum fjölförnum stígum greiðfærum á tímabilinu 12:00 – 17:00.

Þjónustustig

Í snjó og hálfu skal hefja aðgerðir að því marki að aðrir fjölfarnir stígar skuli vera orðnir greiðfærir fyrir kl.12:00.

Hefja skal aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu annarra fjölfarinna stíga innan 4 klst.

3.2.4 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 3 : MÍNNA NOTAÐIR STÍGAR

Þjónustumarkmið

Stígar í þjónustuflokki 3 verða aðeins hreinsaðir ef tekist hafi að ljúka snjóhreinsun gönguleiða í flokkum 1 og 2.

Þjónustustig

Hefja skal aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá eftirlitsmanni berst og ljúka umferð í þjónustuflokki 3 innan 4 klukkustunda frá útkalli þar sem greitt er fyrir þjónustu út frá kílómetragjaldi.

3.2.5 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 4 : STÍGAR SEM EKKI ERU Í REGLULEGRI ÞJÓNUSTU

Þjónustumarkmið

Stígar ekki í reglubundinni þjónustu.

Þjónustustig

Farið eftir ábendingum íbúa, ýmist þannig að brugðist er við hverju tilfelli fyrir sig eða stígur hækkaður um þjónustuflokk. Undantekningalítið er um að ræða sérstakt útkall, unnið í tímavinnu af verktaka eða starfsfólki Reykjavíkurborgar.

3.2.6 ÞJÓNUSTUFLOKKUR 5 : HITAÐIR STÍGAR

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda stígum greiðfærum allan sólarhringinn.

Þjónustustig

Stígum í þessum flokki er haldið lausum við snjó og ís með hitakerfum allan sólarhringinn.

3.3 BIFREIÐASTÆÐI OG STRÆTÓSKÝLI

Til þessa flokks heyra bifreiðastæði í eigu Reykjavíkurborgar og biðstöðvar strætisvagna.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda bifreiðastæðum borgarinnar í nothæfu ástandi innan opnunartíma þeirra stofnana og fyrirtækja sem þau þjóna. Auk þess skal leitast við að halda biðstöðvum strætó hreinum og hálkulausum 48 klst frá því að snjókomu lýkur.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir að um hálfu eða snjó verði að ræða að morgni, skal hefja aðgerðir það tímanlega að hægt sé að opna stæðin fyrir umferð fyrir kl. 08:00, sjá töflu 3.1.

Bifreiðastæði stofnana verða snjóhreinsuð fyrst og síðan almenn stæði. Snjóhreinsunin miðast við að hægt verði að nýta sem flest stæði.

Þegar lokið er við að snjóhreinsa bifreiðastæði þá er hreinsað fyrir framan strætóskýli og svæði við þau hálfkuvarin.

3.4 TRÖPPUR

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda tröppum í borgarlandinu klakalausum eða hálkuvörðum á annan hátt.

Þjónustustig

Tröppum er sinnt eftir atvikum, ýmist út frá ábendingum frá íbúum eða starfsfólki Reykjavíkurborgar. Hverfastöðvar sjá um að moka úr tröppum og ýmist salta, sanda eða pækla þær.

3.5 YFIRLIT ÞJÓNUSTUFLOKKA

Til að auðvelda samanburð á milli flokka er í töflu 3.1 tekið saman yfirlit þjónustuflokkanna í samræmi við lýsinguna í köflunum hér að framan.

Verktímabil vetrarpjónustu er 20 vikur, almennt frá viku 46 til og með viku 13 árið eftir, sjá nánar kafla 2.

Tafla 3.1 Yfirlit þjónustuflokka

Þjónustu- flokkur	Þjónustu- tími, virkir dagar	Þjónustu- tími, helgar	Viðbragðs- tími	Hreinsunar- tími	Minnsta snjódýpt	Mesta snjódýpt	Lágmarks viðnám	Útsýni takmarkað
	kl.	kl.	klst.	klst.	cm	cm		sólarhr.
Götur								
1	* 04:00 – 22:00	* 04:00 – 22:00	0,5	2	2	5	0,25	
2	*04:00 – 22:00	*04:00 – 22:00	0,5	3	5	10	0,25	1
3	* 07-19	* 07-19	1	48	10	15		
4	Hitaðar götur							
Göngu- og hjólaleiðir								
1a	04-17		0,5	3	1	5		
1	04-17		0,5	4	3	10		
2	07-17		1	5	5	15		
3	Unnið ef þjónustuflokkar 1 og 2 eru í lagi							
4	Stígar ekki í reglubundinni þjónustu							
5	Hitaðir stígar							
Bílastæði og strætóskýli								
	04-17							
Tröppur								
	Sinnt eftir atvikum út frá ábendingum íbúa eða starfsfólks							

*Almennt verður leitast við að sinna snjóhreinsun og mokstri á þessum tíma sólarhringsins. Reykjavíkurborg áskilur sér hinsvegar rétt til að kalla út verktaka á öllum tímum sólarhringsins til að tryggja öruggt umferðarflæði í borginni samkvæmt samningi.

4. FORSENDUR OG KRÖFUR

4.1 ÞJÓNUSTUTÍMABIL VETRARÞJÓNUSTU

Snjóhreinsun og hálkueyðing verður framkvæmd hvenær sem ástæða er til, en fullkominn viðbúnaður skal jafnan hafður til staðar á verktímabili vetrarþjónustu. Viðverutæki sem notuð eru í götum skulu vera til taks á tímabilinu 1. október – 15. maí.

4.2 EFNI TIL HÁLKUEYÐINGAR

Til hálkueyðingar á götum er að jafnaði notað salt (NaCl) eða saltþekill að undanskildum húsagötum og bifreiðastæðum þar sem öllu jöfnu er notast við salt og/eða sand. Göngu- og hjólaleiðir eru ýmist sandaðar, þæklaðar eða saltaðar, eftir atvikum.

Umverfis- og skipulagssvið leggur til salt til hálkueyðingar og er það afhent í birgðastöð við Þórðarhöfða, nema ef um annað er samið. Verktaki leggur til sand til hálkueyðingar.

Í upphafi verktímabils ár hvert skal vera til það saltmagn, sem svarar til 1/3 af áætlaðri ársnotkun. Við útreikning á saltmagnsþörf er tekið mið af notkun síðustu þriggja ára og miðað við meðaltal þeirra ára. Saltnotkun síðustu árin er sýnd í töflu 4.1.

4.2.1 TAFLA 4.1 SALTNOKKUN Á ÁRI

Ártal	Salt úr geymslu	Notkun RVK
	Tonn	Tonn
2012 - 2013	6.620	4.526
2013 - 2014	10.250	6.569
2014 - 2015	15.275	9.925
2015 - 2016	7.626	7.121
2016 - 2017	4.761	4.454
2017 - 2018	7.327	6.771
2018 - 2019	5.803	5.125

4.3 KRÖFUR TIL EFNIS

4.3.1 TAFLA 4.2. KRÖFUR TIL EFNIS, KORNADREIFING

Gegnum sigti	Þyngdarprósenta
500 µm skulu fara	0 - 10
1 mm skulu fara	0 - 30
2 mm skulu fara	20 - 65
4 mm skulu fara	65 - 100
8 mm skulu fara	95 - 100

4.3.2 TAFLA 4.3. AÐRAR EFNISKRÖFUR

Upplýsanleiki í vatni		Minnst 97 %
Efnasamsetning	NaCl	Minnst 95 % af þurrefni
	Kaliumferrocyanid	Minnst 100 ppm
		Mest 200 ppm
Vatnsinnihald		Mest 4,0 %
Sandur skal vera af kornastærð 0-8 mm		

4.4 TÆKJABÚNAÐUR OG KRÖFUR TIL TÆKJA

Ávallt skal vera til staðar nægjanlegur fjöldi viðverutækja svo hægt sé að uppfylla kröfur þjónustuhandbókar. Jafnframt skal tryggður aðgangur að viðbótartækjum til að sinna álagstoppum. Öll tæki skulu merkt gulum viðvörunarljósum (blikkljósum).

Til viðverutækja teljast sérútbúnaðar vöru-/pallbifreiðar með snjótönn og salt-/sand-/pækildreifara til snjóhreinsunar og hálkueyðingar gatna og dráttarvélar með snjótönn og salt-/sanddreifara til snjóhreinsunar og hálkueyðingar göngu- og hjólaleiða, traktorsgröfur og hjólaskóflur.

Viðbótartæki geta verið vörubifreiðar með vagni til snjóflutnings, vegheflar, snjóblásarar og önnur tæki.

GSM símar skulu vera í öllum tækjum (handfrjálss búnaður), eða sambærilegt kerfi.

Ferilvöktunarbúnaður skal vera í öllum tækjum og bílum, viðverutækjum og viðbótartækjum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að afhenda verktökum og/eða undirverktökum Tetra stöðvar til tímabundinnar notkunar, bæði til samskipta og ferilvöktunar.

Gerð er sú krafa að allir bílar sem sinna götum í þjónustuflokki 1 og 2, séu búnir snjótönnum með sérstaklega hljóðlátum slitblöðum.

4.5 VEÐURSPÁR OG UPPLÝSINGAR

Eftirlitsmaður hverju sinni fylgist með veðri og hefur aðgang að veðurspám ásamt veðurradar, sem sýnir meðal annars áætlað úrkomuinnihald veðurkerfa er nálgast Reykjavík. Fylgst er með veðri allan sólarhringinn.

4.6 ÓVEÐURSVIÐBÚNAÐUR

Þegar von er á ófærð, mikilli snjókomu eða skafrenningi, er gefin út tilkynning um óveðursviðbúnað. Öll viðverutæki eru þá undirbúin til hálkueyðingar og snjóhreinsunar.

Auk þess er stjórnendum allra viðbótartækja, vinnuvéla og vörubifreiða gert viðvart, til að þeir geti brugðist skjótt við ef um útkall verður að ræða.

4.7 VIÐHALD OG ÁSTANDSKÖNNUN TÆKJA

USK mun láta yfirfara öll tæki, sem notuð eru í vetrarþjónustu, eigi síðar en í viku 45, ár hvert. Einnig skal verktaki viðbúinn mánaðarlegum skoðunum á ökutækjum og búnaði á verk tíma. Sjá úttektarblöð í fylgiskjölum.

Ekkert tæki má nota til verksins án þess að það hafi verið yfirfarið og það standist þær kröfur sem USK gerir til þeirra tækja sem koma að vetrarþjónustu. Slík skoðun kemur ekki í stað annarra skylduskoðana og reglubundins eftirlits.

4.8 KRÖFUR TIL STARFSMANNA

Allir starfsmenn skulu hafa full réttindi á viðkomandi tæki. USK getur auk þess krafist þess að fulltrúi USK sannreyni hæfni þeirra.

Starfsmenn skulu sýna öðrum vegfarendum tillitsemi eftir því sem unnt er og gæta ætíð fyllstu varúðar við vinnu sína.

4.9 BÚNAÐUR TÆKJA

Áður en snjóhreinsun hefst skal gengið úr skugga um að allur búnaður virki rétt, þar með talinn fjarskiptabúnaður og allur öryggisbúnaður véla.

Hálkueyðing með forbleyttu salti - götur

Saltmagn skal stillt eftir fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa í hvert sinn. Við forsöltun og eins ef um þunna ísfilmu er að ræða er saltmagn um 5 – 10 g/m², en allt að 40 g/m² í snjókomu.

Ekki má nota meira saltmagn en nauðsyn krefur hverju sinni.

Forbleyting salts er gerð við disk á dreifara. Vökvamagn við forbleytingu salts skal stillt eftir fyrirmælum frá eftirlitsmanni verkkaupa í hvert sinn.

Stilla skal keilubreidd þannig að hún sé um 80% af akreinarbreiddinni í hvert sinn.

Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 40 - 50 km/klst.

Hálkueyðing með saltpækli - götur

Magn saltpækils skal stilla eftir fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa. Nokun saltpækils er helst þegar ísing er á götum. Styrkur saltpækils getur verið misjafn og er blöndun í höndum verkkaupa. Að jafnaði er styrkur saltpækils 22-23%.

Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 40 - 50 km/klst.

Hálkueyðing með sandi – götur

Sandnotkun skal miða við 200 – 400 g/m². Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 30 km/klst.

Hálkueyðing með sandi – stígar

Sandnotkun skal miða við 150 –200 g/m². Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 15 km/klst.

Hálkueyðing með salti - stígar

Saltnotkun skal miða við 15-40 g/m². Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 15 km/klst.

Annað

Ætíð skal aka á hæfilegum hraða með það að markmiði að snjóhreinsun verði markviss, en jafnframt skal gæta fyllsta öryggis gagnvart öðrum vegfarendum.

Fylgja skal fyrirfram settri forgangsroð í snjóhreinsun eftir því sem unnt er.

Leitast skal eftir fremsta megni að lágmarka snjókast á önnur verksvæði, s.s. að skafa ekki snjó af stíg yfir á götu og öfugt.

Reynt skal af fremsta megni að forðast skemmdir á girðingum, köntum, umferðarskiltum, ljósastaurum, umferðarljósum og grassvæðum sem og öðrum bílum og ökutækjum.

Forðast skal að aka tækjum aftur á bak, nema brýn nauðsyn krefjist þess.

4.10 HAUSTÚTTEKT

Við haustúttekt á bíl og búnaði verktaka verður m.a. stuðst við ritið „Reglur um festingar og tengingar á tækjabúnaði vörubifreiða í vetrarþjónustu“ sem gefið er út af Vegagerðinni. Einnig er fundað með alla verktaka og farið yfir verklag og væntingar fyrir komandi vetur.